

Nd.

565. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við e-lið bætist: Skal þá um leið setja skýr fyrirmæli um innheimtu þess gjalds.
2. Við 3. gr.
 - a. Á eftir orðunum „hlutaðeigandi lögreglustjóra“ komi: (í Reykjavík tollstjóra).
 - b. Á eftir 2. málgr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Gjald, sem innheimt er af mjólk, sem seld er beint til neytenda, sbr. 2. gr. a, skal innheimta með verðjöfnunarsjóðsgjaldinu og afhent hlutaðeigandi innheimtumanni ríkisins.
3. Við 4. gr.
 - a. Á eftir „lögreglustjórar“ í upphafi greinarinnar komi: (í Reykjavík tollstjóri).
 - b. Aftan við fyrri málgr. greinarinnar komi: Fela má þó öðrum innheimtu gjaldsins af einstökum vöruflokkum, ef henta þykir.
 - c. Við síðari málgr. bætist: þar á meðal um innheimtu og gjalddaga.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1945.